

Mál nr. 401/2013
M
og V v/ slysatryggingar launþega E.

Tilkynningafrestur laga um vátryggingarsamninga vegna slyss 18. september 2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. nóvember 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 9. desember 2013.
3. Bréf lögmanns M dags. 20. desember 2013.

Málsatvik.

Tilkynnt var um slys M til V þann 29. október 2013, en hún slasaðist þann 18. september 2010 þegar hún var á leið til vinnu sinnar og datt á reiðhjól. M leitaði samdægurs á slysideild og var þar greind með upphandleggsbrot og úr lið á vinstri öxl. Af lækisfræðilegum gögnum málsins má ráða að M hafi óverið óvinnufær eftir slysið og hún hafi sagt upp störfum hjá E í maí 2011.

M byggir á því að hún hafi ekki mátt gera sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni í skilningi 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 fyrr en haustið 2013 þegar hún leitaði til heilsugæslulæknis vegna slyssins og fékk upplýsingar um að afleiðingar þess væru varanlegar. Einnig vísar M til Hrd. 7/2009 og túlkun á ákvæði 1.mgr. 124.gr. sem þar kemur fram um að upphafstími ársfrestins verði metinn sérstaklega með hliðsjón af atvikum hverju sinni. Það skipti ekki máli hvort litið er til huglægra eða hlutlægra mælikvarða við mat á umræddum tímamarki, hvor um sig hafi komið fram haustið 2013.

V vísar til þess að skv. gögnum málsins hafi M átt erfitt með vinnu lengi eftir slysið sem hafi endað með því að hún sagði upp störfum hjá E í maí 2011. Þá hafi hún í síðasta lagi átt að vita um atvik að baki kröfu sinni í skilningi 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga. Ársfrestur ákvæðisins hafi því verið liðinn þegar tilkynnt var um slysið í október 2013. Einnig vísar V til þess að ósannað sé hvaða líkamstjón hafi hlotist af umræddu slysi í ljósi þess að M hafi ekki leitað til læknis á löngu tímabili eftir slysið.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að greining áverka M átti sér stað á slysdegi og átti hún í erfiðleikum með vinnu vegna þeirra í einhvern tíma þar á eftir. Læknisfræðileg gögn útiloka ekki að orsakatengsl slyssins og óþæginda M í dag séu fyrir hendi þó gögn séu rýr. Sérstaklega þar sem ekki liggja fyrir gögn sem staðreyna óþægindi M í nokkuð langan tíma frá hausti 2010 fram til viðtals við heilsugæslulækni haustið 2013. Við mat á því hvenær M máttu vera ljós atvik að baki kröfu hennar í skilningi 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga verður að líta til þess að áverkar hennar eru greindir strax og höfðu þeir strax nokkrar afleiðingar. Af þeim sökum verður ekki annað séð en að M hafi átt að vita um atvik að baki kröfu sinni við eða fljótlega eftir slysið í september 2010. Tilkynning til V í lok október 2013 var því of seint fram komin m.t.t. 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysatryggingu launþega E hjá V.

Reykjavík 22. janúar 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl

Jón Magnússon hrl.